

Viðauki III

Yfirlit yfir spurningar

(spurningarnar eru einnig fyrir neðan viðkomandi efnisumfjöllun í samráðsskjali)

1. Eins og fram kemur hér að ofan rekur Íslandspóstur ohf. net afgreiðslustaða hringinn í kringum landið. Tilgangurinn er m.a. að uppfylla núverandi skyldu félagsins um aðgengi að þjónustu samkvæmt reglum um alþjónustu. Ert þú sammála því mati PFS að eins og staðan er í dag sé enginn aðili annar á markaðnum sem getur uppfyllt þá skyldu laga um pósthjónustu að bjóða upp á aðgang að afgreiðslustað á landsvisu sem og póstkössum, en Íslandspóstur ohf.?

2. Telur þú að núverandi afgreiðslunet Íslandspósts ohf. (hefðbundnir afgreiðslustaðir, samstarfsaðilar + póstbílar) sé nægjanlegt þegar metið er aðgengi að pósthjónustu innan alþjónustu og þá um leið hvaða fyrirtæki sé best til þess fallið að sinna alþjónustu?

3. Er það vöruframboð, innan alþjónustu, sem gert er grein fyrir hér að ofan fullnægjandi?

4. Ef ekki hvað finnst þér að vanti upp á?

5. Ert þú sammála þeirri aðferðarfræði sem PFS beitir til að afmarka virk og óvirk markaðssvæði?

6. Ef ekki hvaða aðferðarfræði telur þú að sé best til þess fallin að afmarka virk og óvirk markaðssvæði og þar með að finna þá notendur og notendahópa sem ekki fá þjónustu, án sérstakar alþjónustuskyldu?

7. Hvernig telur þú að það eigi að draga úr kostnaði vegna alþjónustu?

8. Telur þú núgildandi reglur um gjaldfrjálsar póstsendingar fyrir blinda vera nægjanlega skýrar?

9. Ert þú sammála því mati PFS að ekki sé ástæða til að skylda alþjónustuveitanda til að gefa út frímerki?

10. Telur þú að ríkið ætti að stuðla að því að áfram yrðu gefin út frímerki hér á landi, t.d. með gerð sérstaks þjónustusamnings þar að lútandi?

11. Ert þú sammála því mati PFS að miða eingöngu við skyldubundna þjónustu samkvæmt UPU samningnum þegar kemur útfærslu alþjóðlegra skuldbindinga?

12. Ef ekki hvaða þjónusta telur þú að vanti hér á landi?

13. Ert þú sammála því mati PFS að rök standi ekki til þess að skipta þeim alþjónustukvöðum sem taldar eru upp í kafla 2 á milli póstrekaða?

14. Ef ekki hvernig telur þú að það eigi að skipta þeim upp og ef svo er hver eru rökin fyrir því að þínu mati?

15. Ert þú sammála því mati PFS að miða lengd útnefningartímabils við 10 ár, með þeim fyrirvara að ráðherra geti ákveðið á útnefningartímabilinu að endurskoðun fari fram fyrir?

16. Ert þú sammála því mati PFS að nauðsynlegt sé að viðhalda skyldu, um að veita alþjónustu hér á landi, eins og hún er skilgreind í 9. gr. laga um pósthjónustu?

17. Ert þú sammála því mati PFS að Íslandspóstur sé best til þess fallinn að sinna þeim skyldum sem felast í alþjónustu hér á landi?

Spurning

18 Finnst þér rétt að gera hagræðingarkröfu á væntanlegan alþjónustuveitanda? Ef svo er, hversu mikla telur þú að hún eigi að vera?

19. Ert þú sammála því að við eftirlit PFS með gjaldskrá alþjónustuveitanda eigi að miða við kostnaðargrundvöll og/eða verðþak?

20. Ert þú sammála þeim viðmiðum sem PFS hyggst nota ef verðþak verður ákveðið, ef ekki, hvaða viðmið telur þú að miða eigi við?

21. Telur þú að nota eigi aðra aðferðarfræði, en kostnaðargrundvöll og verðþak við eftirlit með smásöluverðum?

22. Telur þú að ofangreint eftirlit sé fullnægjandi þegar kemur að fjárhagsstöðu alþjónustuveitanda?

23. Annað sem þú vilt koma á framfæri við PFS vegna hinnar fyrirhuguðu útnefningar.